

Stefna Auðar Capital hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum



1. **Almennt** Auður Capital hf. (hér eftir einnig nefnt “Auður” eða “félagið”) er verðbréfafyrirtæki sem býður fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar, fjárfestinga og fyrirtækjaráðgjafar, auk þess sem Auður rekur fagfjárfestasjóði. Auður Capital starfrækir og viðheldur eftirlitskerfi sem hefur það hlutverk að gera allar viðhlítandi ráðstafanir til að greina og bregðast við hagsmunaárekstrum.

Stefna þessi er sett á grundvelli 8. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Markmið Auðar með þessari stefnu er að félagið taki á hagsmunaárekstrum með sanngjörnum og eðlilegum hætti, bæði á milli Auðar og víðskiptavina félagsins sem og á milli víðskiptavina Auðar innbyrðis, í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni víðskiptavina Auðar.

Hagsmunaárekstrar sem skaðað geta hagsmuni víðskiptavina Auðar geta komið upp á milli: (a) Auður Capital, þ.e. félagsins sjálfs, annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna og/eða aðila sem lúta yfirráðum félagsins, og víðskiptavina Auður Capital hins vegar og (b) víðskiptavina Auður Capital innbyrðis.

Þar sem Auður stundar ekki eigin víðskipti er að mestu komið í veg fyrir myndun hagsmunaárekstra á milli Auðar og víðskiptavina félagsins.

Í þessari stefnu er skilgreint hvaða aðstæður í starfsemi Auðar geta valdið hagsmunaárekstrum milli félagsins sjálfs annars vegar og víðskiptavina þess hins vegar og víðskiptavina Auðar innbyrðis, sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri víðskiptavina skaðist. Í þessari stefnu er mælt fyrir um tilteknar aðferðir sem fylgja skal og ráðstafanir sem beita skal í því skyni að hafa stjórn á slíkum árekstrum.

2. **Gildissvið** Stefna þessari er ætlað að uppfylla þær skyldur og kröfur sem hvíla á Auði Capital samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Stefna þessi skal ekki túlkuð á þann hátt að í henni felist loforð eða skuldbinding umfram það sem krafist er samkvæmt

lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Þar sem stefna þessi gerir vægari kröfur en verklagsreglur Auðar Capital um fjárfestavernd og viðskiptahætti skulu verklagsreglur Auðar Capital gilda. Þar sem stefna þessi gerir strangari kröfur en verklagsreglur Auðar, skal stefna þessi gilda.

Starfsmönnum Auðar ber að fylgja stefnu þessari til að tryggja að hagsmunaárekstrar sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina eigi sér ekki stað.

Stefna þessi á við um verðbréfavíðskipti milli Auðar og viðskiptavina Auðar óháð því hvort um er að ræða almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila, eins og þeir eru skilgreindir í lögum um verðbréfavíðskipti og eins og þeir hafa verið flokkaðir hjá félaginu.

Til starfsmanna í stefnu þessari teljast stjórnendur Auðar Capital og meðeigendur, einkaumboðsmenn félagsins og starfsmenn þess, stjórnendur og meðeigendur einkaumboðsmanna félagsins, starfsmenn einkaumboðsmanna þess, sem og einstaklingar sem veita félaginu einhverja þjónustu og starfa undir stjórn félagsins eða einkaumboðsmenn félagsins sem veita þjónustu af hálfu þess. Auk þess teljast til starfsmanna einstaklingar sem með beinum hætti taka þátt í að veita Auði þjónustu eða til einkaumboðsmanns félagsins samkvæmt útvistunarsamningi við Auði í þeim tilgangi að veita þjónustu fyrir Auði á sviði verðbréfavíðskipta.

Til starfsmanna í þessari stefnu teljast enn fremur maki, maki í staðfestri samvist eða sambúðarmaki starfsmanns Auðar Capital, barn, kjörbarn eða stjúpbarn starfsmanns Auðar sem er á hans framfæri, auk annarra skyldmenna starfsmanns Auðar sem hafa búið á sama heimili og hann í að minnsta kosti eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin víðskipti fara fram.

Stefna þessi tekur til núverandi víðskiptavina Auðar sem og fyrrverandi víðskiptavina félagsins þar sem trúnaðarskyldur eða aðrar skyldur ríkja enn milli aðila.

3. Greining hagsmunaárekstra í starfsemi Auðar Capital

Auður Capital veitir almennum fjárfestum, fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar, fjárfestingasjóða og fyrirtækjaráðgjafar. Ennfremur veitir Auður Capital fjárfestingarráðgjöf eftir að Auður hefur metið hvort tiltekin ráðgjöf henti viðkomandi víðskiptavini.

Í hvert sinn sem Auður Capital veitir fjárfestingatengda þjónustu og/eða viðbótarþjónustu skal metið hvort Auður, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur Auði í gegnum yfirráð:

(a) Sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað víðskiptavinarins.

(b) Hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem víðskiptavininum er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreindir frá hagsmunum víðskiptavinarins að því er varðar niðurstöðuna.

(c) Hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars víðskiptavinar eða hóps víðskiptavina fram hagsmunum hlutaðeigandi víðskiptavinar.

(d) Stundar sams konar rekstur og viðskiptavinurinn.

(e) Þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavininum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þessa þjónustu, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

4. Mögulegir hagsmunaárekstrar hjá Auði Capital

Í ljósi þeirrar þjónustu sem Auður veitir leiðir að hagsmunaárekstrar geta skapast milli Auðar annars vegar og viðskiptavina félagsins hins vegar og viðskiptavina Auðar innbyrðis m.a. með eftirfarandi hætti:

(a) Ef tveir eða fleiri viðskiptavinir óska eftir að kaupa verðbréf sem takmarkað framboð er af.

(b) Auður kann að veita viðskiptavini ráðgjöf um kaup eða sölu á hlut í tilteknu félagi á sviði eignastýringar og samtímis veita því félagi fyrirtækjaráðgjöf.

(c) Auði eða starfsmanni félagsins eru afhentar gjafir eða umbun umfram það sem eðlilegt getur talist (m.a. ófjarhagsleg verðmæti) sem mögulega geta haft áhrif á hegðun viðkomandi sem er andstætt hagsmunum viðskiptavina Auðar.

5. Greining og meðferð hagsmunaárekstra

Ef hagsmunaárekstrar koma upp í starfsemi Auðar skal leyst úr þeim þegar í stað með sanngjörnum og réttmætum hætti. Í því skyni að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar komi upp í starfsemi Auðar hefur félagið gripið til eftirfarandi aðgerða og ráðstafana:

(a) Auður stundar ekki eigin viðskipti.

(b) Starfssvið eru aðskilin. Með því er átt við að eignastýring, fyrirtækjaráðgjöf og bakvinnsla eru aðskilin í stjórnun, afkomu, upplýsingakerfum og með reglum um samskipti milli sviða.

(c) Auður hefur til staðar innra regluverk er tekur á þeim tilvikum er hagsmunir tengdra aðila geta skarast á við hagsmuni viðskiptavina Auðar.

(d) Auður hefur komið á fót almennum öryggis- og samskiptareglum starfsmanna félagsins.

(e) Engin bein tengsl eru á milli þóknana starfsmanna félagsins sem starfa innan aðskilinna sviða Auðar.

(f) Auður varðveitir upplýsingar sem auðvelda greiningu og meðhöndlun hagsmunaárekstra í öruggu umhverfi.

(g) Auður framkvæmir reglulega endurskoðun á þessari stefnu sem og innri verkferlum félagsins.

6. Greining og meðferð mögulegra hagsmunaárekstra

Auður ber trúnaðarskyldu gagnvart viðskiptavininum sínum vegna upplýsinga sem það hefur um þá og leitast Auður í hvítvetna við að fara eftir lögum og reglum varðandi meðhöndlun slíkra upplýsinga. Auður hefur takmarkað aðgang að trúnaðarupplýsingum við þá aðila sem að mati Auðar hafa raunverulega þörf fyrir slíkar upplýsingar og er í samræmi við hagsmuni viðkomandi viðskiptavinar eða Auði.

Þær aðgerðir sem Auður Capital byggir að meginstefnu á, til að koma í

veg fyrir hagsmunaárekstra, eru notkun svokallaðra “kínamúra”. Tilgangur kínamúra er að koma í veg fyrir ótakmarkað upplýsingaflæði á milli mismunandi deilda Auðar. Kínamúrum, sem og öðrum þar til gerðum aðgerðum, er komið á í því skyni að Auðu og tengdir aðilar geti framkvæmt dagleg viðskipti fyrir Auði og viðskiptavinum þess án þess að verða fyrir áhrifum annarra upplýsinga, sem til staðar eru innan Auðar, sem leitt gætu til hagsmunaárekstra. Auður heldur einnig til haga á öruggan máta öllum mikilvægum upplýsingum sem geta leitt til greiningar hagsmunaárekstra.

Í þeim tilvikum er kínamúrar hafa verið settir upp, sérstaklega til að koma í veg fyrir ákveðna hagsmunaárekstra eða aðrar viðlíka ráðstafanir viðhafðar, gengur Auður Capital út frá því að einstaklingar hinum megin viðkomandi kínamúrs eða ráðstöfunar búi ekki yfir þeim upplýsingum sem þeim er neitað um aðgengi að vegna hins takmarkaða upplýsingaflæðis sem stafar af viðkomandi ráðstöfun. Sökum þessa lítur Auður Capital svo á að nægilegar ráðstafanir séu viðhafðar vegna mögulegra hagsmunaárekstra þrátt fyrir vitneskju innan Auðar Capital um tilteknar upplýsingar sem leitt geta til hagsmunaárekstra, enda sé slíkum upplýsingum haldið til haga með skilvirkum hætti á bak við viðkomandi hindrun.

7. Auknar ráðstafanir vegna mögulegra hagsmunaárekstra

Við meðhöndlun tiltekins hagsmunaáreksturs getur verið viðeigandi að grípa til aukinna ráðstafana ef í ljós kemur að gildandi aðferðir og ráðstafanir reynast ekki til þess fallnar að leysa tiltekinn hagsmunaárekstur. Slíkar ráðstafanir geta m.a. verið fólgnar í:

(a) Að viðhöfðu sérstöku mati á viðkomandi tilfelli getur Auður komið upp þar til gerðum kínamúrum eða annars konar ráðstöfunum til að koma í veg fyrir óhindrað upplýsingaflæði.

(b) Auður Capital getur aukið ábyrgð á herðar stjórnenda Auðar vegna þar til gerðra aðgerða félagsins og mats þeirra á áhættunni sem fylgir mögulegum hagsmunaárekstrum.

(c) Auður Capital áskilur sér rétt til að neita að framkvæma viðkomandi viðskipti sjái Auður sér ekki fært að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Að undangenginni slíkri ákvörðun mun Auður þó áður upplýsa viðkomandi viðskiptavin um viðkomandi hagsmunaárekstra í því skyni að viðskiptavinurinn geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðskiptanna, sbr. 6. grein stefnu þessarar.

Ofangreindar aðgerðir hafa verið valdar þar sem þær þykja til þess fallnar að auka líkur á að hægt sé að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

8. Veiting upplýsinga um hagsmunaárekstra

Í þeim tilvikum er til hagsmunaárekstra kemur mun Auður Capital bregðast skjótt við og með sanngjörnum hætti. Auður leitast eftir fremsta megni við að leysa úr slíkum tilvikum með fyrirbyggjandi aðgerðum. Ef aðgerðir Auðar til að afstýra hagsmunaárekstrum, þar með talin stefna þessi, tryggja ekki fullnægjandi vissu fyrir því í einhverjum tilfellum að komið verði í veg fyrir að hagsmunir viðskiptavina verði fyrir tjóni vegna hagsmunaárekstra, ber Auði, í samræmi við stefnu þessa, að veita viðskiptavinum upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti um eðli og orsök hagsmunaárekstra áður

en til viðskipta stofnast milli aðila. Skal viðskiptavinurinn upplýstur með sérstakri skriflegri tilkynningu frá Auði þar að lútandi. Efni og framsetning tilkynningarinnar skal taka mið af því hvers konar viðskipti viðskiptavinurinn stundar í því skyni að viðkomandi viðskiptavinur geti tekið upplýsta ákvörðun vegna umræddrar þjónustu og með þau tilvik í huga er valda viðkomandi hagsmunaárekstri.

Auður skráir niður og geymir á tölvutæku formi upplýsingar um þau atvik sem upp koma, hvort sem þau eru tilkynnt til viðskiptavinar eða ekki. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun Auður skrá niður og geyma á tölvutæku formi allar upplýsingar um viðskiptavini og viðskipti viðskiptavina hjá Auði.

Auður Capital heldur skrá yfir þjónustu sem stunduð er af Auði eða fyrir hönd Auðar þar sem hagsmunaárekstrar, sem fela í sér umtalsverða hættu á tjóni á hagsmunum eins eða fleiri viðskiptavinar, hafa átt sér stað, eða í þeim tilvikum þar sem þjónusta er viðvarandi, slíkt getur átt sér stað. Skrá þessi skal reglulega uppfærð. Skrá þessi skal innihalda upplýsingar um hvaða viðskiptavinir áttu í hlut, hvaða viðskipti var um að ræða, tegundir viðkomandi fjármálagerninga og viðskiptafærslna.

9. Eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar

Auður Capital sér um reglulegt eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og gætir þess að henni sé fylgt í einu og öllu. Regluvörður Auðar Capital annast eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og skulu viðskiptavinir eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvarðar telji þeir að starfsmaður hafi brotið gegn stefnu þessari.

Á starfsmönnum hvílir sú skylda samkvæmt ráðningarsamningi að gæta þess að þeir fari í einu og öllu eftir lögum og reglum á því sviði sem snertir starf þeirra hjá Auði Capital. Jafnframt kemur þar fram að þeir skulu fara að öllum þeim reglum sem Auður Capital hefur sett starfsmönnum sínum.

10. Endurskoðun stefnu þessarar

Stefna þessi skal sæta reglulegri endurskoðun. Auður Capital skal meta hvort stefnan sé nægilega skilvirk í framkvæmd, hvort sem litið er til starfsemi einstakra deilda innan Auðar Capital eða til Auðar Capital í heild, og skal Auður breyta stefnu þessari um hagsmunaárekstra reynist hún ekki nægilega skilvirk í framkvæmd. Á Auði Capital hvílir jafnframt sú skylda að aðlaga stefnu þessa að öllum breytingum á lögum, reglugerðum og öðrum réttarheimildum sem snerta reglur um hagsmunaárekstra fyrir fjármálafyrirtæki.

Útdráttur úr stefnu þessari er aðgengilegur á heimasíðu Auðar Capital hf.

Ef rekstur Auðar Capital breytist verulega verður stefnu þessari breytt til samræmis.

Komi til efnislegra breytinga á stefnu þessari mun Auður Capital upplýsa viðskiptavini sína um það, með birtingu á heimasíðu félagsins, og telst félagið með því hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína gagnvart viðskiptavinum og framtíðarviðskiptavinum sínum.

11. Gildistaka Stefna þessi skal gilda frá og með 17. nóvember 2008.

F.h. Auður Capital hf.

Kristín Pétursdóttir,
forstjóri